



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 44/2019

## **Fullyrðingar FEEL ICELAND um Amino Marine Collagen Powder**

### **I.**

#### **Erindið**

Neytendastofu barst kvörtun Protis ehf., dags. 28. febrúar 2019, vegna rangra og villandi merkinga og markaðssetningar á vörum FEEL ICELAND, fyrirtæki í eigu Ankra ehf. Fram kemur í erindinu að dótturfyrirtæki Protis ehf., sé eina fyrirtækið á Íslandi sem framleiði íslenskt kollagen. FEEL ICELAND framleiði kollagen sitt hins vegar erlendis úr íslensku roði, flytji það svo til Íslands og pakki því í umbúðir. Vinnsla við að gera kollagen sé talsverð en vinna þurfi roðið mikið og því hæpið að varan geti kallast íslensk einungis vegna þess að roðið eigi að vera veitt á Íslandsmiðum. Fyrirtækið vísi til þess að kollagenið sé íslenskt auk þess sem það fjalli um samfélagslega ábyrgð að velja íslenskt hráefni.

### **II.**

#### **Málsmeðferð**

#### **1.**

Erindi Protis var sent Ankra til umsagnar með bréfi, dags. 14. mars 2019. Í bréfi Neytendastofu til Ankra kom fram að ekki væri vísað til lagaákvæða í erindinu en að mati stofnunarinnar gætu ákvæði 5. gr., 4. mgr. 6. gr., b. liður 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, átt við um erindið.

Svar Ankra barst með bréfi dags. 17. apríl 2019. Í bréfinu er tiltekið að kvörtun Protis byggir á rangri og ámælisverðri meðferð staðreynda og segja megi að flest allt sem þar komi fram sé einfaldlega rangt. Svo virðist sem málið lúti að því að Ankra sé óheimilt að vísa til framleiðslu sinnar sem „íslensks kollagens“. Kvörtunin byggist á þeim misskilningi að vörurnar séu framleiddar erlendis en svo sé ekki heldur fái eitt af hráefnunum, kollagen, ákveðna aðvinnslu erlendis, en sannanlega úr íslensku fiskroði. Allt annað ferli framleiðslunnar fari fram á Íslandi auk þess sem hönnun varanna, þróun þeirra, uppskriftir, greining, gerð umbúða og stjórnun fari einnig þar fram.



Ankra tiltaki að Neytendastofa hafi í framkvæmd um álitamál er tengist þjóðerni vöru, hingað til miðað við uppruna innihalds varanna og bendi á fordæmisgefandi ákvörðun Neytendastofu í máli nr. 3/2009. Þar hafi talist villandi gagnvart neytendum að kalla vöru íslenska vegna þess eins að takmörkuð vinnsla vörunnar hafi farið fram héraðs. Með gagnályktun mætti því draga þá ályktun að villandi væri að kalla vörur Ankra erlenda sökum þess eins að mjög takmarkaður hluti vinnslu vörunnar fari fram erlendis. Allar meginreglur um upprunamerkingar leiði til sömu niðurstöðu.

Markaðsefni Ankra sé faglega unnið og í lögmætu horfi. Vörunnar séu merktar „*Product of Iceland*“ og beri vöruheitið „*Feel Iceland*“. Allar merkingar varanna séu í samræmi við innlenda matvælalöggjöf og hvergi sé vikið frá ströngustu kröfum. Hvergi sé þar að finna nokkuð sem gæti talist blekkjandi fyrir neytendur eða með nokkrum hætti gefa ranga eða villandi mynd af vörunum eða uppruna þeirra. Hvað varði tilvísun Protis til reglna um meðferð íslenska þjóðfánans í markaðsefni sé rétt að benda á að hann sé hvergi notaður af Ankra.

Þá megi geta þess að tilvísunum Protis sé í einhverjum tilvikum ranglega beint að Ankra þar sem ákveðið markaðsefni sé ekki á forræði Ankra. Framangreint beri þó ekki að skilja sem svo að þær fullyrðingar sem þar komi fram séu rangar, þvert á móti, en halda skuli því til haga að þær séu ekki frá Ankra komnar.

Ljóst sé af ofangreindu að umrædd kvörtun byggist í besta falli á ranghugmyndum um hvernig vörur Ankra séu unnar og hvert innihald þeirra sé. Þá sé því alfarið vísað á bug sem órökstuddri og rangri staðhæfingu, að auglýsingar og markaðsefni *Feel Iceland* sé til þess fallið að skaða ímynd og trúverðugleika Protis, líkt og haldið sé fram í erindi þess til Neytendastofu. Í því samhengi sé vert að halda því til haga að Protis hafi síðustu misseri, jafnt í prentmiðlum og ljósvakamiðlum, auglýst vöru sína sem „*eina íslenska kollagenið*“ og með því brotið gegn hagsmunum Ankra, eins og fyrirtækið hafi vakið athygli fyrirverandi framkvæmdastjóra Protis á þann 20. desember 2018.

Óski Neytendastofa eftir aðgangi að upplýsingum um þessi fyrri samskipti fyrirtækjanna þar sem Protis dragi í land með að vera eina íslenska kollagenið, þá muni fyrirtækið verða við þeirri beiðni.

## 2.

Bréf Ankra var sent Protis til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 29. apríl 2019. Í svarbréfi Protis, dags. 10. maí 2019, er sjónarmiðum og staðhæfingum Ankra hafnað og fram komnar kröfur ítrekaðar. Í bréfinu segir að vísað sé til 5. gr. og 9. gr. laga nr. 57/2005 en ljóst sé af orðalagi ákvæðanna að það sé nægilegt til þess að viðskiptahættir séu villandi að veittar séu rangar upplýsingar eða að ekki séu veittar upplýsingar sem almennt megi ætla að skipti máli. Þá sé vísað til 14. gr. laganna en samkvæmt ákvæðinu megi upplýsingar sem fram komi í auglýsingum ekki vera rangar, ófullnægjandi eða villandi. Sérstaklega sé tekið fram að ekki skuli nota rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar gagnvart keppinautum.



Protis tiltaki að þær auglýsingar, kynningar, fréttatilkynningar og annað efni sem hér um ræði fjalli allt um kollagen sem Ankra selji hér á landi undir vörumerkinu FEEL ICELAND. Þá sé kollagenið einnig notað í drykkinn Collab sem framleiddur sé af Ölgerð Egils Skallagríms hf. Mikil áhersla hafi verið lögð á það í auglýsingum og öðru markaðsefni frá Ankra að vörurnar séu gerðar úr íslensku kollageni. Áhersla Ankra á að um sé að ræða íslenskt kollagen staðfesti mikilvægi uppruna efnisins fyrir viðskiptavinum. Protis sé sammála því að það geti haft áhrif á val neytenda hvort um sé að ræða íslenskt kollagen eða ekki og ákvörðun Neytendastofu nr. 3/2009 hafi staðfest að það gæti skipt hagsmuni neytenda verulegu máli hver uppruni vörunnar sé. Protis telji Ankra hafa veitt misvísandi upplýsingar um uppruna þess kollagens sem félagið selji í andstöðu við framangreind ákvæði laga nr. 57/2005.

Protis bendi á að ekki sé að finna skilgreiningu á því í lögum nr. 57/2005, hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja svo vara teljist íslensk og því sé eðlilegt að líta til annarra laga og reglugerða þar sem slíka skilgreiningu sé að finna. Vísað sé til reglugerðar nr. 618/2017, um notkun þjóðfána Íslendinga við markaðssetningu á vörum og þjónustu, en þar sé mælt fyrir um að framleiðsluland skuli teljast það „land þar sem nægileg aðvinnsla vöru fer fram til þess að hún verði talin upprunnin þaðan“, sbr. c. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar. Í e. lið sama ákvæðis er hugtakið nægileg aðvinnsla skilgreind sem: „Framleiðsla eða vinnsla vöru sem skapar næga virðisaukningu til þess að unnt sé að meta vöruna íslenska“. Þá sé loks hugtakið aðvinnsla skilgreint í a. lið ákvæðisins sem vinnsla eða framleiðsla vöru. Af ákvæðum reglugerðarinnar leiði því að vara geti ekki talist íslensk í skilningi reglugerðarinnar ef meirihluti framleiðslunnar fari fram erlendis.

Þá megi einnig líta til ákvæða laga nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, þar sem skilgreint sé í 6. mgr. 12. gr. hvaða vörur teljist íslenskar. Þar segi að vara teljist íslensk ef hún sé framleidd hér á landi úr innlendu hráefni eða að vara sé framleidd hér á landi úr innfluttu hráefni að hluta eða öllu leyti, enda hafi hún hlotið nægilega aðvinnslu hérlandis. Framangreint sé í samræmi við viðmiðunarreglur Samtaka iðnaðarins um það hvenær megi auglýsa vörur sem íslenskar. Vísað hafi verið til þeirra viðmiða í ákvörðun Neytendastofu nr. 3/2009.

Þá beri að nefna að meginregla bókunar 4 við EES samninginn sbr. lög nr. 2/1993 sé að þær vörur sem séu úr hráefni sem komi utan EES teljist þá og því aðeins upprunnar í EES að þær hafi fengið nægilega aðvinnslu innan EES.

Í grundvallaratriðum sé byggt á sömu skilgreiningu í framangreindum tilvikum, þ.e.a.s. uppruni hráefnisins skiptir ekki máli ef meirihluti aðvinnslunnar fari fram erlendis. Yrði miðað við sömu meginreglu sé ljóst að kollagenið sem Ankra selji sé erlent.

Samkvæmt upplýsingum Protis þá láti Ankra erlendan framleiðanda vinna fyrir sig kollagen úr fiskroði. Þetta sé raunar viðurkennt í bréfi Ankra, dags. 17. apríl 2019, en þar segi „*fær eitt af*



*hráefnunum, nánar tiltekið kollagen, ákveðna aðvinnslu erlendis*“. Fiskiroðið sé samkvæmt fullyrðingum Ankra íslenskt. Þá láti Ankra í veðri vaka að vinnsla kollagens úr fiskroðinu sé óverulegur hluti framleiðslunnar en svo sé ekki. Fiskiroð sé aðeins verðlítið aðfang við framleiðsluna en hin raunverulega verðmætaaukning felist í því að ná kollageni úr roðinu og koma því í form sem sé nothæft í matvæli og snyrtivörur. Sú framleiðsla fari öll fram erlendis hvað varði það kollagen sem Ankra selji hér á landi sem íslenska framleiðslu.

Protis tiltaki að það hafi ekki nákvæmar upplýsingar um vinnsluna en mögulegt sé að Ankra láti einnig pakka fyrir sig fullunnu kollageni hjá framleiðandanum. Ekki liggi fyrir upplýsingar um þann þátt. Þá megi ætla að kollagenið sé framleitt í verksmiðju þar sem framleitt sé kollagen úr roði sem sé ekki íslenskt í bland við íslenskt roð. Ekkert liggi fyrir um það hvernig framleiðslan fari fram eða með hvaða hætti hráefnisöflun sé. Því sé vel mögulegt að einhver hráefnisblöndun verði í vinnslunni.

Söluvörur Ankra séu allar tilgreindar á heimasíðunni [www.feeliceland.com](http://www.feeliceland.com) og Protis fái ekki betur séð en að í öllum tilvikum sé um að ræða vörur sem séu framleiddar erlendis. Ýmist þar sem kollagenið sé framleitt erlendis eða þar sem kollagenið og öll önnur íblöndunarefni séu framleidd erlendis.

Líkt og rakið hafi verið þá teljist vara ekki íslensk ef hún sé að meginstefnu til framleidd erlendis. Framangreind aðferð leiði til þess að kollagenið sé aðallega framleitt erlendis þar sem þorri allrar vinnslu kollagensins fari fram erlendis. Umbúðir FEEL ICELAND (Ankra selji kollagen í dós undir þessu markaðsheiti) séu allar merktar „*Product of Iceland*“. Þar sem kollagenið sé selt eintómt sé ljóst að merkingarnar geti ekki verið réttar þar sem kollagenið sé ekki íslenskt. Þetta sé augljóst af umbúðunum og hið sama eigi við um aðrar framleiðsluvörur Ankra.

Protis tiltaki að bannákvæði laga nr. 57/2005 sem fjallað hafi verið um séu ekki háð því að um auglýsingar sé að ræða. Fréttatilkynningar og kynningar af hvaða toga sem er geti einnig fallið þar undir sbr. umfjöllun á vef Viðskiptablaðsins, dags. 27. febrúar 2019:

*„Collab drykkurinn, sem er sykurlaus með koffíni, verður fáanlegur í lok mánaðarins. Í tilkynningunni segi að hann sé sá eini sinnar tegundar, því Collab innihaldi íslenskt kollagen frá FEEL ICELAND, sem sé unnið úr íslenskum sjávarafurðum. Þetta kollagen gefi 18 mismunandi aminósýrur, þar af átta sem við fáum eingöngu úr fæðunni því að líkaminn framleiði þær ekki sjálfur“.*

Ljóst sé að þessi umfjöllun sé röng þar sem kollagenið sé ekki íslenskt. Þá komi fram í frétt á vef Fréttablaðsins, dags. 27. febrúar 2019, að Ankra vinni „*kollagen úr íslensku fiskroði*“. Það sé hins vegar einnig rangt þar sem Ankra vinni ekki kollagenið sjálft heldur láti vinna það fyrir sig erlendis. Þá hafi vörur Ankra í umfjöllun sem birst hafi í sama miðli þann 5. janúar 2019 verið kallaðar „*rammíslenskar náttúruafurðir*“ en það sé í besta falli villandi svo sem fram



hafi komið þar sem framleiðsla kollagensins fari fram erlendis. Ætla verði að um sé að ræða kostaða umfjöllun.

Það leiði af því sem hafi verið rakið að hafna beri sjónarmiðum Ankra varðandi túlkun laga um viðskiptahætti og markaðssetningu. Það hafi ítrekað verið staðfest af Neytendastofu að rangar eða villandi fullyrðingar í markaðsefni séu ólögmatar.

Ljóst sé af því sem rakið hafi verið að kollagen það sem Ankra selji sé alfarið framleitt erlendis þó það kunni að vera gert úr íslensku fiskroði. Kollagenið geti því með engu móti talist íslenskt og það leiði af þeirri staðreynd að allflestar staðhæfingar Ankra í bréfi félagsins, dags. 17. apríl 2019, séu rangar.

Þá beri að nefna það að tölvupóstur sá sem Ankra vísi til varðandi það að Protis „*hafi dregið í land með að vera með eina íslenska kollagenið*“ verði engan veginn skilinn með þeim hætti sem Ankra haldi fram en það fari ekki á milli mála þegar pósturinn sé lesinn.

Protis geti fallist á það að í einhverjum tilvikum séu staðhæfingar um vörur Ankra í kynningarefni frá Ölgerð Egils Skallagríms og því strangt til tekið ekki á vegum Ankra. Það breyti þó engu um það að umræddar fullyrðingar séu í besta falli villandi og sennilega upprunnar hjá Ankra.

Af öllu framangreindu leiði að Protis framleiði í reynd eina íslenska kollagenið, að minnsta kosti enn sem komið sé. Ítrekar Protis kröfu sína um að Ankra verði gert að láta af þeirri háttsemi að auglýsa kollagenið sem félagið selji, sem íslenskt.

### 3.

Bréf Protis var sent Ankra til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 15. maí 2019. Svar barst með bréfi, dags. 14. júní 2019. Í bréfinu kemur fram að mikil áhersla hafi verið lögð á það í bréfi Protis, að í auglýsingum og markaðsefni Ankra að vörurnar séu gerðar úr íslensku kollageni. Ankra hafi aðallega lagt áherslu á að vörurnar innihaldi hreint kollagen sem unnið sé úr íslensku fiskroði. Þá komi ennfremur fram í auglýsingum að um íslenskt kollagen sé að ræða enda heiti umrædd vara *Amino Marine Collagen* og sé með íslensku upprunavottorði.

Ekkert bendi til þess að það hafi áhrif á kauphegðun neytenda að hluti framleiðslunnar fari fram erlendis þar sem notað sé íslenskt hráefni við vinnsluna. Ástæða þess að hluti framleiðslunnar fari fram erlendis sé til að tryggja gæði og stöðugleika í framleiðslu enda búi framleiðandinn yfir áratuga reynslu.

Líkt og réttilega sé bent á í bréfi Protis þá sé hvergi að finna í lögum skilgreiningu á því hvaða skilyrði vara þurfi að fullnægja til að teljast íslensk. Því sé hafnað af hálfu Ankra að sá skortur leiði til þess að heimilt sé að líta til laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið eða



reglugerðar um sama efni við markaðssetningu. Ankra ítreki að félagið hafi aldrei notað þjóðfánann í markaðssetningu.

Hvað varði ábendingu Protis um að vörur Ankra séu erlendar samkvæmt bókun 4 við EES samninginn, sbr. lög nr. 2/1993, þá sé það ekki rétt heldur þvert á móti hljóti vörur Ankra íslenskt upprunavottorð samkvæmt sömu bókun.

Hluti framleiðslu á hráefnum sem Ankra noti í vörur sínar fari fram erlendis úr íslensku hráefni. Öll framleiðsla á vörum Ankra fari fram á Íslandi og það sé auðvelt að sanna sé eftir því óskað.

Ankra sjái ekkert athugasemdir við umfjöllun Viðskiptablaðsins, dags. 27. febrúar 2019, enda séu vörurnar sem um ræði íslenskar. Ankra geti ekki borið ábyrgð á efni fréttarinnar og að sama skapi geti félagið ekki borið ábyrgð á ummælum sem höfð séu eftir viðmælanda Fréttablaðsins, dags. 5. janúar 2019. Að öðru leyti vísi félagið til bréfs Ankra, dags. 17. apríl og krefst niðurfellingar málsins.

#### 4.

Bréf Ankra var sent Protis til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 2. júlí 2019, og tilkynnt um lok gagnaöflunar. Með bréfi Protis, dags. 3. júlí 2019, bárust Neytendastofu frekari athugasemdir þar sem áréttuð voru fyrri sjónarmið félagsins varðandi þær reglur sem gildi um upprunamerkingar sbr. bréf, dags. 10. maí 2019.

Þá var bent á að fríverslunarsamningur Kína og Íslands sem vísað sé til af Ankra sé sérstakur hvað varði upprunareglur þar sem þar sé mælt fyrir um að vara geti talist íslensk ef um fisk sé að ræða sem veiddur sé innan íslenskrar efnahagslögsögu af íslenskri útgerð sbr. 3. kafla samningsins og aðallega e. og f. liði 23. gr. hans. Skipti þá engu máli hvar aðvinnsla hráefnisins fari fram samkvæmt samningnum við Kína. Rétt sé að benda á það að þrátt fyrir það sem komi fram í bréfi Ankra þá liggi ekki fyrir vottorð um að Ankra hafi íslenskt upprunavottorð skv. bókun 4 við EES samninginn.

Eins og vísað hafi verið til og gildi skv. EES samningnum sem sé lögfestur hér á landi, þá sé það skilyrði fyrir því að vara teljist uppruninn á tilteknum stað að hún hafi hlotið næga aðvinnslu í viðkomandi ríki. Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að vörur Ankra hafi hlotið nægilega aðvinnslu hér á landi. Það sæti furðu að Ankra skuli fullyrða í bréfi sínu að „öll framleiðsla á vörum Ankra fer fram á Íslandi og það er mjög auðvelt að sanna það“. Engin gögn í þessa veru hafi þó verið lögð fram og fyrir liggi að aðvinnslan fari í meginatriðum fram erlendis þar sem kollagenið sé unnið úr fiskroðinu.

#### 5.

Bréf Protis var sent Ankra með bréfi Neytendastofu, dags. 4. júlí 2019. Svar barst með bréfi, dags. 17. júlí 2019, þar sem fram kom að það virtist óskýrt hvort hægt væri að flokka vörur sem íslenskar eða ekki og mismunandi eftir því hvaða reglugerða eða samninga horft væri til.





Ef að vara gæti talist íslensk samkvæmt einhverjum af þessum reglugerðum eða samningum þá sé hún íslensk og markaðssetning vörunnar *Amino Marine Collagen* sé því hvorki röng né villandi í skilningi laga.

Umrædd vara innihaldi aðeins íslenskt fiskroð sem búið sé að brjóta niður í kollagen og engum öðrum hráefnum hafi verið bætt við vöruna. Þótt hluti vinnslunnar fari fram erlendis á þessu íslenska hráefni sé alveg fráleitt að varan teljist ekki íslensk.

Þá geti það varla talist eðlilegt að fyrirtæki geti fengið allar upplýsingar um framleiðslu og starfshætti samkeppnisaðila sinna með hjálp Neytendastofu. Sérfræðingar hjá Tollstjóra hafi farið yfir gögn hvað varði framleiðslu á vörunum og gefið þeim íslenskt upprunavottorð. Óski Neytendastofa eftir frekari upplýsingum geti forsvarsmenn Ankra fundað með Neytendastofu og farið nánar yfir hvernig framleiðslu sé háttað en þau gögn séu trúnaðarupplýsingar. Að öðru leyti vísi Ankra til fyrri rökstuðnings í bréfi, dags. 17. apríl 2019, og ítrekar kröfu sína um niðurfellingu málsins.

## 6.

Bréf Ankra var sent Protis til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 19. júlí 2019. Með bréfinu var aðilum málsins tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

## III.

### Endurupptaka

#### 1.

Aðilum málsins var birt ákvörðun Neytendastofu í málinu þann 15. október 2019, nr. 44/2019.

Í kjölfar opinberrar birtingar ákvörðunarinnar bárust Neytendastofu athugasemdir um rangfærslur í niðurstöðum hennar og gögn frá Ankra til staðfestingar því. Með bréfi Neytendastofu, dags. 7. nóvember 2019, var aðilum málsins tilkynnt um endurupptöku þess samkvæmt heimild í 1. mgr. 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Í bréfinu kom fram að stofnunin teldi samkvæmt orðalagi ákvæðisins ekki tilefni til að gefa gagnaðila málsins kost á að koma að andmælum áður en ákvörðun um endurupptöku væri tekin enda hafi ekki liðið þrjú mánuðir frá birtingu ákvörðunarinnar og þar með ekki þörf á samþykki annarra aðila málsins, sbr. 2. mgr. 24. gr. sömu laga. Ákvörðun um endurupptöku málsins verði þó kæránleg til áfrýjunarnefndar neytendamála þegar efnisleg niðurstaða málsins liggja fyrir, sbr. 2. mgr. 26. gr. stjórnslulaga.

Í bréfinu kom jafnframt fram að Neytendastofa telji fyrirliggjandi gögn málsins, sbr. meðfylgjandi gagnaskrá, fullnægjandi til afgreiðslu málsins. Var Protis þó gefinn kostur á að koma að skýringum eða athugasemdum við efnislega þætti málsins.



## 2.

Svar barst ekki frá Protis en með bréfi, dags. 21. nóvember 2019, bárust Neytendastofu frekari skýringar og athugasemdir Ankra vegna málsins. Í bréfinu kom fram að meðfylgjandi athugasemdir væru til fyllingar fyrri samskipta og gagna vegna málsins.

Í bréfinu segir að svo virðist sem vísað sé að einhverju leyti til eldri merkinga vörunnar *Amino Marine Collagen powder* en þær séu ekki lengur í notkun. Tiltekið sé á núverandi merkingum vörunnar að um sé að ræða „*Pure Icelandic Collagen Supplement*“ á framhlið vörunnar en á bakhlið komi m.a. fram eftirfarandi: „*Feel Iceland Amino Marine Collagen contains hydrolysed collagen derived from Wild Atlantic Cod caught in Iceland*“ og „*Product of Iceland*“. Þá sé að finna tilvísun á heimasíðu fyrirtækisins, [www.feeliceland.com](http://www.feeliceland.com), á bakhlið vörunnar.

Ankra bendi á að líkt og fram komi í bréfi stofnunarinnar til fyrirtækisins þá hafi ranglega verið gengið út frá því í niðurstöðu ákvörðunar nr. 44/2019, að vinnsla á kollageni fyrir Ankra færi fram í Kína. Misskilningurinn virðist tilkominn vegna upprunavottorðs sem gefið hafi verið út til Ankra vegna útflutnings á vörum þess til Kína en slíkt vottorð sé ekki gefið út af Tollstjóra nema fyrir liggi öll nauðsynleg gögn um uppruna vöru. Hið rétta sé að vinnsla á kollageni fyrir Ankra fari fram í Kanada af hálfu fyrirtækisins Kenny & Ross Ltd. og fyrirtækið hafi aldrei dregið dul á það að vinnsla kollagens fyrir fyrirtækið fari fram erlendis. Reyndin sé sú að eftir að gengi hafi verið frá samningi um einkarétt milli aðila á framleiðslu fyrirtækisins á kollagegni unnu úr íslensku fiskroði þá hafi birst fréttatilkynningar um framleiðsluna og samstarf Ankra og hins kanadíska framleiðanda.

Áréttað sé að samstarf þetta hafi hafist strax á árinu 2014 og ástæður þess að Ankra hafi leitað eftir umræddu samstarfi séu tvíþættar. Annars vegar vegna þess að fyrirtækið, sem er í eigu japanska matvælafyrirtækisins Ajinomoto og sérhæfir sig í framleiðslu á gelatíni og kollageni fyrir lyfjafyrirtæki, búi yfir áratugareynslu og háþrúðum tæknibúnaði til þess að framleiða kollagen. Hins vegar vegna þess að Ankra sé í raun ómögulegt að framleiða kollagen á Íslandi.

Ankra tiltaki að framleiðsla Kenny & Ross Ltd. á kollageni fyrir Ankra uppfylli allar sömu reglur og gildi við framleiðsluferlið hér á landi enda fengist varan trauðla innflutt að öðrum kosti.

Þá telji Ankra það ekki standast skoðun að fyrirtækinu beri á einhvern hátt að auðkenna vörur sínar með framleiðslulandi þess kollagens sem það nýti í vörur sínar og bendir á að óumdeilt sé að umrætt kollagen sé unnið úr íslensku fiskroði, þ.e roði fisks sem veiddur sé á íslandsmiðum af íslenskri útgerð. Þar sem það sé ómögulegt fyrir Ankra að vinna kollagen úr roðinu hér á landi fari vinnslan fram af hálfu viðurkennds aðila í Kanada og vinnslan uppfylli allar sömu reglur og gerðar séu til framleiðslu kollagens í aðildarríkjum Evrópusambandsins og á EES svæðinu. Ekkert sé fram komið í máli þessu sem bendi til þess að upplýsingar um





framleiðsluland kollagensins myndi skipta máli fyrir neytendur við mat á því hvort kaupa ætti vörur Ankra og þar með hafa áhrif á eftirspurn. Þar ráði uppruni hráefnisins, fiskroðsins, mestu og ekkert liggi fyrir um að það kunni að skipta neytendur máli hvar kollagenið sé unnið að teknu tilliti til fyrirliggjandi málsatvika.

Ankra vísi framangreindu til stuðnings til ákvörðunar Neytendastofu nr. 10/2016, vegna kvörtunar Samtaka iðnaðarins á markaðssetningu Pennans á tilteknum húsgögnum. Staðhæft hefði verið af hálfu Pennans að um væri að ræða „íslensk húsgögn“ þrátt fyrir að óumdeilt væri að hlutar húsgagnanna væru framleiddir í Tékklandi en í málinu hefði legið fyrir að umræddan hluti húsgagnanna yrði að framleiða erlendis vegna eiginleika þeirra. Samtök iðnaðarins hefðu talið að með tilvísun í húsgögnin sem „íslenskra“ væri með óréttmætum og villandi hætti reynt að hafa áhrif á kauphegðun neytenda en Neytendastofa hefði ekki fallist á þau sjónarmið samtakanna. Með vísan til framangreinds telji Ankra fyrirtækið ekki hafa brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, við merkingar og markaðssetningu á vörum til neytenda.

Á það sé bent að ótvírætt sé að fiskroðið sem kollagenið sé unnið úr sé íslenskt og framleiðslan fari fram hjá viðurkenndum aðila samkvæmt sömu reglum gildandi hér á landi og öll önnur vinnsla og framleiðsla, m.a. hönnun, þróun og uppskriftir, fari fram á Íslandi. Ankra taki undir það að uppruni vöru skipti neytendur miklu máli en hið sama geti ekki gilt um framleiðsluland ákveðins hluta vörunnar eins og þegar hafi verið rakið. Fráleitt sé að mati Ankra að ekki verði litið á vörur fyrirtækisins sem íslenskar, jafnvel þótt hluti framleiðslunnar fari fram erlendis og bendir á að Neytendastofa hafi í fyrri ákvörðunum ekki amst við því að vörur séu markaðssettar sem „íslenskar“ jafnvel þó hluti framleiðslunnar fari fram erlendis sbr. ákvörðun stofnunarinnar nr. 10/2016. Ljóst sé því að ekki séu gerðar kröfur til þess að framleiðsla vöru fari að öllu leyti fram hér á landi til þess að framleiðsla eða vara verði skilgreind sem „íslensk“ og merkt sem slík.

Þá sé því sérstaklega mótmælt að við úrlausn þessa máls verði litið til reglugerðar nr. 618/2017, um notkun þjóðfána Íslendinga við markaðssetningu á vöru og þjónustu eða laga nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerki eins og byggt sé á af hálfu Protis en ákvæði framangreindra laga og reglugerðar eigi ekki við í málinu og því síður geti viðmiðunarreglur hagsmunaaðila, s.s. Samtaka iðnaðarins komið til skoðunar.

Ankra bendi á að löggjafinn hafi ekki hlutast til um að setja reglur varðandi það hvenær vara teljist íslensk og hvenær hún teljist erlend. Ankra telji raunar að fáar íslenskar vörur uppfylli þau skilyrði sem Protis hafi haldið fram, þ.e. að einungis sé notast við hráefni og íblöndunarefni sem unnin séu hér á landi. Ankra byggi á því að á meðan löggjafinn hafi ekki tekið af skarið um framangreint verði að horfa til málsatvika í heild, líkt og m.a. hafi verið gert í ákvörðun neytendastofu nr. 10/2016.

Þannig verði m.a. að horfa til þess að Ankra sé ómögulegt að framleiða kollagen hér á landi og hafi því leitað til viðurkennds framleiðsluaðila sem framleiði kollagenið samkvæmt þeim sömu



reglum og gildi hér á landi. Þá sé lögð áhersla á að hráefni framleiðslunnar sé íslenskt auk þess sem öll önnur vinnsla og framleiðsla þeirrar vöru sem kvartað sé yfir, fari fram á Íslandi.

### 3.

Bréf Ankra var sent Protis til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 9. desember 2019. Í bréfinu tiltók stofnunin að farið væri fram á trúnað á skírteini vegna innflutnings á vörum Ankra og stofnunin ætlaði að verða við þeirri beiðni sbr. 17. gr. stjórnsýslulaga. Þá vakti stofnunin athygli á 2. mgr. 19. gr. stjórnsýslulaga sem kveði á um að kæra megi synjun eða takmörkun á aðgangi að gögnum til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður til, áfrýjunarnefndar neytendamála. Þá var Protis gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum og skýringum við erindið.

Svarbréf Protis barst Neytendastofu þann 19. desember 2019 en þar kom fram sú krafa að Ankra verði meinað að gefa til kynna að vörur félagsins séu íslenskar á umbúðum og í markaðsefni. Þá telji Protis engin rök standa til þess að veita trúnað um skírteini vegna innflutnings á vörum Ankra, að minnsta kosti ekki í heild.

Hvað varði endurupptöku málsins þá hafi Protis ekki fallist á að rök hafi staðið til þess. Í ákvörðun stofnunarinnar nr. 44/2019, hafi komið fram að vörur Ankra væru framleiddar í Kína en nú komi fram í sjónarmiðum Ankra, dags. 21. nóvember 2019, að þær séu framleiddar í Kanada. Málið sé því í öllum aðalatriðum efnislega sambærilegt máli því sem lauk með ákvörðun nr. 44/2019. Með öðrum orðum sé það óbreytt að meginhluti aðvinnslu á vörum Ankra fari fram erlendis og geti því ekki talist íslenskar.

Það eigi einnig við um umfjöllun Ankra í bréfi, dags. 21. nóvember. Af því verði ekki annað ráðið en að breyttar umbúðir Ankra séu einnig í andstöðu við ákvæði laga líkt og fyrri umbúðir og markaðsefni. Þannig felist óhjákvæmilega í merkingunni „*Pure Icelandic Collagen Food Supplement*“ að því sé haldið fram að um sé að ræða íslenskt kollagen. Líkt og Protis hafi áður rakið sé kollagenið ekki íslenskt enda fari meginhluti aðvinnslu þess fram erlendis og vísað sé í þeim efnum til þeirra gagna sem lágu ákvörðun nr. 44/2019 til stuðnings sem og rökstuðnings Neytendastofu í ákvörðuninni.

Þá virðist á því byggt af hálfu Ankra að félaginu sé heimilt að segja vörur sínar íslenskar á þeim grundvelli að félagið geti ekki framleitt þær á Íslandi. Um einhverskonar endaleysu sé að ræða og engu skipti í þessu samhengi hvort Kenny & Ross Ltd. fullnægi íslenskum reglum eða ekki. Hið sama geri framleiðendur púðursykurs, sojamjólkur, hveitilengja og margvíslegra annarra vara sem hæglega mætti telja upp í löngu máli en slíkar vörur séu ekki taldar íslenskar af því að einhverjir annmarkar séu á því að framleiða vörurnar á Íslandi.

Þá láti Ankra að því liggja í bréfi, dags. 21. nóvember 2019, að framleiðsluland á kollageni því sem félagið selji skipti ekki máli en staðreyndin sé sú að Ankra hafi í öllu markaðsefni sínu hingað til lagt áherslu á að um sé að ræða íslenska framleiðslu. Má um það vísa til fyrri



sjónarmiða Protis í málinu en einnig nægi að vísa til þess að félagið notist við lénið [www.feeliceland.com](http://www.feeliceland.com) og að á umbúðum þess standi „Icelandic collagen“. Virðist því ljóst að Protis telji framleiðsluland skipta töluverðu máli.

Protis bendi á að tilvísun Ankra í ákvörðun Neytendastofu nr. 10/2016 eigi ekki við í málinu og Ankra geri lítið til þess að heimfæra atvik í því máli upp á starfsemi félagsins. Enda sé um að ræða ósambærilegt mál og nægilegt sé að benda á að í forsendum ákvörðunarinnar komi fram að umþrættar vörur væru að stórum hluta framleiddar og samsettar á Íslandi af íslenskum aðila. Það sé andstætt því sem eigi við um kollagen sem selt sé af Ankra en það sé að meginstefnu til framleitt í Kanada og aðvinnslan fari fram í Kanada. Það hafi einnig verið tekið fram í forsendum ákvörðunar nr. 10/2016 að ekki væru veittar villandi upplýsingar um vörurnar en Protis hafi nefnt mýmörg dæmi þess að upplýsingar Ankra um vörur sínar væru villandi. Protis hafi að einhverju leyti þegar rakið sjónarmið sín varðandi fyrri ákvarðanir Neytendastofu.

Protis tiltaki að Ankra geri fullmikið úr þætti félagsins í framleiðsluferlinu þegar sagt sé að hönnun, þróun og uppskriftir séu vinnsla og framleiðsla sem fari fram hér á landi. Í tilviki kollagens sé um að ræða þekktu dýraafurð sem framleitt sé eftir þekktum framleiðsluferlum. Því hafi ekki verið þörf á milli vinnslu af hálfu Protis vegna sölu á kollageni sérstaklega. Kollagenið þarfnist aðallega aðvinnslu hins kanadíska fyrirtækis sem umbreyti fiskiroði í kollagen.

Protis geti ekki fallist á að það geti haft úrslitaáhrif á það hvort vara teljist íslensk eða ekki hvort löggjafinn hafi mælt sérstaklega fyrir um það. Líkt og áður hafi verið rakið þá bendi ákvarðanir Neytendastofu, bókanir við EES-samninginn (sem veitt hafi verið lagagildi) og öll lög sem með einhverjum hætti fjalli um uppruna til þess að vara Ankra sé ekki íslensk og að félaginu sé þar með óheimilt að merkja hana sem slíka eða gefa til kynna að uppruni vörunnar sé íslenskur enda sé með því verið að blekkja neytendur í andstöðu við lög nr. 57/2005.

Þá telji Protis að ákvæði 17. gr. stjórnarsýslulaga geti ekki leitt til þess að gæta beri trúnaðar um skírteinið en hvergi hafi verið á það bent af hálfu Ankra hvaða hagsmunir leiði til slíkrar niðurstöðu. Jafnvel þó að einkahagsmunir Ankra gætu leitt til þess að gæta bæri trúnaðar um skjalið sé það allt að einu svo að mögulegt ætti að vera að veita aðgang að skjalinu að hluta. Hafa beri í huga að 17. gr. laganna sé undantekning frá meginreglu 15. gr. stjórnarsýslulaga um rétt aðila til aðgangs að gögnum þess. Sýnt þurfi að vera að gagn eða a.m.k. sá hluti þess sem synjað er um aðgang að varði þess háttar hagsmuni að forsvaranlegt sé að undanþiggja það upplýsingarétti. Protis hafi engar upplýsingar um það hagsmunamat sem framkvæmt hafi verið en miðað við heiti skjalsins virðist ekki ástæða til þess að ætla að gagnið sé undanþegið upplýsingarétti í heild sinni. Skjalið beri heitið „*Model Certificate for Imports of Collagen intended for Human Consumption*“ sem bendi ekki beinlínis til þess að innihald skjalsins varði aðeins einkahagsmuni Ankra. Í þessu sambandi megi benda á dóm Hæstaréttar í máli nr. 558/2016 sem hafi varðað aðgang að innflutningsgögnum í dómsmáli. Þagnarskylduákvæði



tollalaga hefðu ekki verið talin standa í vegi fyrir því að tollstjóri legði fram gögn úr kerfum tollsins um innflutningsaðila og innihald gáms á nánar tilgreindu farmbréfi. Að sönnu hafi ekki verið um sama lagaákvæði að ræða og hér sé til umfjöllunar en ætla verði að sambærileg sjónarmið eigi við. Þá telji fyrirtækið að Neytendastofu hafi verið óheimilt að kveða á um trúnað á skjalinu án þess að veita Protis umsagnarrétt þar um í samræmi við 13. gr. stjórnisýslulaga áður en fallist er á trúnaðinn.

Protis krefst þess að staðfest verði fyrri ákvörðun Neytendastofu um að Ankra verði bannað að segja vöru sína íslenska á umbúðum eða í öðru markaðsefni enda fari þorri aðvinnslunnar fram í Kanada

#### 4.

Bréf Protis var sent Ankra til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 30. desember 2019. Í bréfi Ankra til stofnunarinnar, dags. 8. janúar 2020, benti fyrirtækið á að engu skipti hvort Protis hafi fyrir sitt leyti fallist á að rök standi til endurupptöku málsins. Ankra tiltaki að augljóst sé að hin umþrætta ákvörðun hafi verið byggð á röngum upplýsingum um málsatvik sem virðist auk þess hafa ráðið niðurstöðu málsins, enda hafi ranglega verið vikið að því í ákvörðuninni að hluti framleiðslunnar fari fram í Kína. Furðu sæti að Protis skuli gera athugasemdir við endurupptökuna að teknu tilliti til þess.

Ankra ítreki fyrri athugasemdir í þá veru að ekki verði með skýrum hætti ráðið af kvörtuninni hvaða atriði í markaðssetningu á vörum Ankra það séu sem teljist óeðlileg. Raunar virðist einungis kvartað yfir því að vísað hafi verið til þess að í markaðssetningu Ankra, og þriðja aðila sem Ankra beri enga ábyrgð á, að kollagen í vörum Ankra sé íslenskt.

Ankra bendi á í þessu tilefni að í hinni umþrættu ákvörðun stofnunarinnar nr. 44/2019, hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að Ankra hafi fært sönnur fyrir fullyrðingum þess efnis að kollagenið sem það nýti í vörur sínar sé íslenskt í samræmi við 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Ankra fellst þannig ekki á að tilgreining á vörunum sem „*Pure Icelandic Collagen Food Supplement*“ eða önnur tilgreining á vörunum sem „íslenskum“ geti talist brot á framangreindum lögum eins og virðist byggja á.

Það sé útírnúningur af hálfu Protis að halda því fram að Ankra byggi á því að fyrirtækinu sé heimilt að nefna vörur sínar íslenskar vegna þess eins að því sé ómögulegt að framleiða kollagen hér á landi og Ankra hafi ekki byggt á því í málinu. Ankra hafi hins vegar talið nauðsynlegt, ekki síst í ljósi þeirrar ómálefnalegu umfjöllunar og gagnrýni sem fram hafa komið í athugasemdum Protis, að útskýra hvernig það sé tilkomið að vinnsla kollagens í vörur þess fari fram hjá Kenny & Ross Ltd. í Kanada en um ástæður þessa sé vísað til í bréfi Ankra dags. 21. nóvember 2019.

Þá sé ítrekuð tilvísun til ákvörðunar Neytendastofu nr. 10/2016, þar sem virðist m.a. hafa verið litið til þeirrar staðreyndar að hluti framleiðslu hafi farið fram erlendis vegna þess að ómögulegt



hafi verið fyrir viðkomandi aðila að stunda hana á Íslandi. Þetta sé í samræmi við þá vísireglu sem felist í niðurstöðu ákvörðunar Neytendastofu, að þar sem ekki sé að finna afgerandi ákvæði um tilgreiningu uppruna vara í íslenskum rétti þá verði að horfa til málsatvika í heild við matið.

Ankra hafni því alfarið að tilvísun þess til framangreindrar ákvörðunar eigi ekki við í málinu líkt og Protis byggi á í bréfi sínu dags. 19. desember 2019. Umrædd kvörtun hafi verið komin til vegna kvörtunar Samtaka iðnaðarins á markaðssetningu Pennans á húsgögnum sem að hluta til voru framleidd erlendis og laut sérstaklega að því að í auglýsingum og markaðsefni hafi verið fullyrt að húsgögnin væru íslensk. Byggt hafi verið á af hálfu Protis að með auglýsingum og markaðsefni um vöruna væru veittar rangar og villandi upplýsingar um uppruna hennar. Ankra fái því ekki annað séð en að málsatvik séu sambærileg og fullt tilefni sé til að líta til þessarar ákvörðunar við úrlausn þessa máls. Með hliðsjón af niðurstöðu málsins sé þannig einkennilegt ef sú kvörtun sem hér sé til umfjöllunar verði tekin til greina.

Þá bendi Ankra á að það standist vart skoðun ef fyrirtækinu verði gert að taka það fram að kollagen sem það nýti í vörur sínar sé framleitt í Kanada, að teknu tilliti til allra atvika þessa máls. Með sömu rökum hefði þá átt að gera Pennanum að geta þess í auglýsingum og markaðsefni að hluti framleiðslu þeirra færi fram í Tékklandi. Áréttað sé að ekkert hafi legið fyrir í því máli hvort húsgögnin væru yfir höfuð framleidd úr íslensku efni. Væntanlega hefði átt að skylda Pennann til þess að geta þess ef svo hefur ekki verið, að teknu tilliti til lögskýringa í þessu máli.

Ankra tiltaki að ef sjónarmið Protis verði lögð til grundvallar liggi þannig fyrir að fjöldi íslenskra framleiðenda beri að endurskoða vörumerkingar. Ankra byggi á því að þessi túlkun á lögum nr. 57/2005, sem endurspeglar að nokkru í niðurstöðu hinnar enduruppteknu ákvörðun, sé ekki í samræmi við tilgang laganna og að við úrlausn þess verði að líta til þess að óumdeilanlega sé um að ræða íslenska vöru sem unnin sé úr íslensku hráefni.

Þá sé því alfarið mótmælt að Ankra sé með einhverjum hætti að leyna upplýsingum sem máli kunni að skipta við ákvörðun um viðskipti í skilningi 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Af hinu sama leiði að Ankra hafi ekki með nokkrum hætti gerst brotlegt við 14. gr. laganna eða annarra lagaákvæða sem Neytendastofa vísi til í bréfi sínu, dags. 14. mars 2019.

Hvað varði trúnað á innflutningsskjölum þá bendi Ankra á að Neytendastofa hafi þegar fallist á að skírteini vegna innflutnings á kollageni verði lagt fram í trúnaði en líkt og fram komi þá megi kæra synjun eða takmörkun á aðgangi að gögnum til áfrýjunarnefndar neytendamála innan 14 daga frá því að tilkynnt var um ákvörðunina.

## 5.

Bréf Ankra var sent Protis til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 9. janúar 2020. Með bréfinu var aðilum málsins tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.



#### IV. Niðurstaða

##### 1.

Mál þetta varðar kvörtun Protis ehf. yfir röngum og villandi staðhæfingum Ankra ehf. í markaðssetningu á kollagen vörum þess síðarnefnda sem seldar séu undir vörumerkinu FEEL ICELAND og markaðssettar sem íslensk framleiðsla. Telur Protis að félagið hafi veitt misvísandi upplýsingar um uppruna kollagensins en aðvinnsla fiskroðsins til að vinna kollagenið sé gert af erlendum framleiðanda. Kollagenið og öll önnur íblöndunarefni sem notuð séu í vörur Ankra séu framleidd erlendis. Vara teljist ekki íslensk ef hún sé að meginstefnu til framleidd erlendis. Umbúðir FEEL ICELAND séu allar merktar „*Product of Iceland*“ og þar sem kollagenið sé selt eintómt sé ljóst að merkingar geti ekki verið réttar þar sem kollagenið sé ekki íslenskt.

Ankra hafnar framangreindu og bendir á að fyrirtækið hafi lagt áherslu á að vörurnar innihaldi hreint kollagen unnið úr íslensku fiskroði. Um íslenskt kollagen sé að ræða með íslensku upprunavottorði. Ekkert bendi til þess að það hafi áhrif á kauphegðun neytanda að hluti framleiðslunnar fari fram erlendis þar sem notað sé íslenskt hráefni við vinnsluna en það sé gert til að tryggja gæði og stöðugleika í framleiðslunni þar sem framleiðandinn búi yfir áratuga reynslu. Hvergi sé að finna skilgreiningu á því hvaða skilyrði vara þurfi að fullnægja til að vera íslensk og skortur á slíku geti ekki leitt til þess að heimilt sé að líta til laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið eða reglugerðar um sama efni við markaðssetningu. Að auki hafi Ankra aldrei notað þjóðfánann í markaðssetningu.

Þann 15. október 2019 lauk Neytendastofa ákvörðun í málinu en vegna mistaka í niðurstöðum ákvörðunarinnar var málið endurupptekið af stofnuninni. Gafst aðilum málsins kostur á að koma að viðbótarskýringum eða athugasemdum í kjölfar þess. Kom þar m.a. fram að merkingum á umbúðum Ankra hafi verið breytt. Núverandi merkinga vörunnar séu þannig að á framhlið vörunnar segi m.a. „*Pure Icelandic Collagen Supplement*“ en á bakhlið „*Feel Iceland Amino Marine Collagen contains hydrolysed collagen derived from Wild Atlantic Cod caught in Iceland*“ og „*Product of Iceland*“. Lagði Ankra jafnframt fram gögn til staðfestingar þess að framleiðsla kollagensins úr fiskiroðinu fari fram í tiltekinni verksmiðju í Kanada.

Af hálfu Protis hefur endurupptöku málsins verið mótmælt auk þess sem félagið mótmæli því að trúnaður samkvæmt 17. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 geti átt við um framlögð gögn Ankra. Ákvörðun Neytendastofu um að veita gögnum Ankra trúnað var ekki kærð til áfrýjunarnefndar Neytendamála undir meðferð málsins. Fari mál þetta til meðferðar hjá nefndinni mun framangreind mótmæli vera tekin til efnislegrar meðferðar þar.





## 2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 leggur almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 segir að fullyrðingar sem fram komi í auglýsingum eða með öðrum hætti þurfi fyrirtæki að geta fært sönnur á.

Í 9. gr. laga nr. 57/2005 er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. liðum málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í b. lið greinarinnar segir að ekki megi veita rangar upplýsingar um helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun hennar, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar

Ákvæði 2. mgr. 9. gr. laganna er svohljóðandi:

*„Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.“*

Í ákvæðinu er kveðið á um villandi aðgerðarleysi fyrirtækis sem leiðir til þess að neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipta sem hann hefði annars ekki gert. Skv. ákvæðinu telst það einnig villandi aðgerðarleysi ef upplýsingar sem skipta máli fyrir neytendur eru veittar á óljósan eða margræðan hátt. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:

*„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“*

Upplýsingar sem fram koma í auglýsingum mega því ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar um stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum. Séu upplýsingarnar villandi eða rangar og til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vörunnar er því um að ræða brot á ákvæðinu.



### 3.

Í máli þessu er óumdeilt að vinnsla kollagensins úr fiskroði fer fram í Kanada. Þá hefur Ankra lagt fram upprunavottorð Tollstjóra um að fiskroðið, sem kollagenið er unnið úr og notað er í vöruna, sé íslenskt. Komið hefur jafnframt fram af hálfu Ankra að engum öðrum hráefnum sé bætt við vöruna og allt annað er tengist framleiðslunni fari fram á Íslandi, þ.á.m. hönnun vörunnar, þróun, gerð umbúða og greining. Samkvæmt upphaflegri kvörtun Protis er á pakningu vörunnar sem framleidd er undir merkjum „*Feel Iceland*“ að finna innihaldslýsingu, tilvísun á heimasíðu fyrirtækisins [feeliceland.com](http://feeliceland.com) auk þess sem þar kemur fram að um sé að ræða „*Product of Iceland*“ og tilgreint framan á henni að hún innihaldi „*100% Icelandic Marine Collagen fæðubótarefni*“. Við meðferð málsins hefur komið fram af hálfu Ankra að upplýsingum á umbúðum hafi verið breytt svo nú segi á framhlið þeirra „*Pure Icelandic Collagen Supplement*“ en á bakhlið „*Feel Iceland Amino Marine Collagen contains hydrolysed collagen derived from Wild Atlantic Cod caught in Iceland*“ og „*Product of Iceland*“. Hvergi er gerð grein fyrir því á pakningu vörunnar að hluti framleiðslunnar, þ.e hin eiginlega vinnsla kollagensins fari fram erlendis.

Neytendastofa telur gögn málsins sýna ótvírætt fram á að fiskroðið sem kollagenið er unnið úr sé íslenskt og að hluti framleiðslu lokaafurðarinnar fari fram hérlendis. Sjónarmið Protis um hættu á blöndun vörunnar við aðrar framleiðslulotur hjá erlendu verksmiðjunni hefur ekki áhrif á það mat stofnunarinnar. Með vísan til framangreinds er það jafnframt mat stofnunarinnar að upplýsingar á umbúðum vörunnar séu því ekki ósannaðar eða rangar í skilningi 4. mgr. 6. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 þar sem varan er sannanlega unnin úr íslenskri afurð.

Þrátt fyrir framangreint þá telur Neytendastofa merkingum á vörunum ábótavant. Þótt fiskroðið sem kollagenið er unnið úr sé íslenskt og hluti framleiðslu lokaafurðarinnar fari fram hérlendis er óumdeilt að hluti vinnslunnar fer fram hjá erlendum framleiðanda og þar með framleiðsla innihaldsefnisins kollagens. Þegar horft er til upplýsinga og merkinga á umbúðum vörunnar þá er það mat Neytendastofu að þær upplýsingar sem þar koma fram séu til þess fallnar að telja neytendum trú um að framleiðsla vörunnar í heild sinni fari fram hér á landi. Á það við um allar fullyrðingar sem vísað hefur verið til í máli þessu. Hvort Ankra hafi með einhverju móti verið unnt að framleiða kollagenið hérlendis hefur í þessu tilviki ekki áhrif á mat stofnunarinnar á hughrifum neytenda af merkingum á vörunni. Telur Neytendastofa að skortur á þeirri upplýsingagjöf að hluti framleiðslunnar fari fram erlendis sé villandi þar sem upplýsingar á vörunni, eins og þeim var háttáð þegar upphaflegt erindi barst Neytendastofu og eins og þeim er nú háttáð, gefa ranglega til kynna að um alíslenska framleiðslu og vöru sé að ræða. Þrátt fyrir að fiskroðið sé íslenskt þá er það mat Neytendastofu að merkingar og upplýsingar á vörunum séu villandi gagnvart neytendum og til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn og brjóta því gegn ákvæðum 2. mgr. 9. gr. og 14. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005.



V.

**Ákvörðunarorð:**

„Ankra ehf., Grandagarði 16, Reykjavík, hefur með merkingum sem gefa til kynna að vörur sem fyrirtækið selur séu að öllu leyti framleiddar á Íslandi, brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 9. gr. og 14. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Ankra ehf. bönnuð notkun merkinganna án þess að tilgreint sé með skýrum hætti hvert framleiðsluland kollagensins er.

Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Í banninu felst ekki innköllun þegar dreifðra vara. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 8. júní 2020

Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir